

**Ed.** **183. Frumvarp til laga** [123. máí]  
um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.  
(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

**I. KAFLI**

Um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

**1. gr.**

7. gr. laganna fellur niður.

**II. KAFLI**

Um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun.

**2. gr.**

8. gr. orðist svo:

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

### III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972 um orlof húsmæðra.

#### 3. gr.

5. gr. 1. tl. orðist svo:

1. Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í landinu.
2. tl. falli niður.

#### 4. gr.

Orðin „ríkis og“ í 7. gr. falli niður.

### IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 28 18. apríl 1973 um dvalarheimili aldraðra.

#### 5. gr.

7. gr. orðist svo:

Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

### V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

#### 6. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli, sem stofnkostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur.

Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.

#### 7. gr.

80. gr. 2. mgr. orðist svo:

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

#### 8. gr.

4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 83. gr. falli niður.

### VI. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 29 21. apríl 1973 um hlutdeild ríkissjóðs í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

#### 9. gr.

2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. breytast á þann veg að orðin „og rekstrar“ falli niður.

#### 10. gr.

8. og 9. gr. falli niður.

11. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. breytast á þann veg, að orðin „og/eða reka“ falli niður. Síðasta mgr. 10. gr. falli niður.

VII. kafli.

Um breyting á lögum nr. 22 26. apríl 1963 um almenningsbókasöfn.

12. gr.

Síðari hluti 2. mgr. 4. gr. svohljóðandi: „Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum“ falli niður.

13. gr.

6. gr. orðist svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

14. gr.

4. mgr. og 8. mgr. 7. gr. falli niður.

15. gr.

Úr 13. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóðs“.

16. gr.

Úr 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin: „og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði“.

3. mgr. 14. gr. falli niður.

17. gr.

Úr 16. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóði“.

18. gr.

24. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. falli niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1976 kemur fram að ríkisstjórnin telji æskilegt að auka hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti. Er nú ráðgert að sjóðurinn fái 8% af 18% söluskatti, en hann fær nú 8% af 13% söluskatti. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færast yfir á sveitarsjóði, en þeir eru þessir:

	Fjárlagafrv. 1976 m.kr.	Endurmetnar fjárhæðir m.kr.
Viðhald skólamannvirkja .....	190	220
Dagvistunarheimili, rekstur .....	117	120
Elliheimili, stofnkostnaður .....	50	60
Almenningsbókasöfn .....	8	20
Heimilishjálp .....	15	25
Vinnumiðlun .....	4	5
Húsmæðraorlof .....	8	8
	<hr/>	<hr/>
	392	458